

Ed.

556. Frumvarp til laga

[303. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

I. KAFLI

Um lækkun gjalda og tekna í fjárlögum fyrir árið 1986.

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1986 að lækka ríkisútgjöld um 1 485 000 þús. kr.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1986 að lækka ríkistekjur um 2 510 000 þús. kr.

II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

3. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 121/1984 og 2. gr. laga nr. 47/1985, orðist svo: Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reikna af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. í þremur þrepum sem hér segir:

1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem ekki er yfir 200 000 kr., skal reikna 19,5%. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., lægri en 200 000 kr. skal þó hækka þetta tekjumark hjá hinum makanum um þá upphæð sem á skortir að tekjuskattsstofn þess fyrrgreinda nái 200 000 kr. en þó ekki um hærri upphæð en 100 000 kr.
2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem umfram er það tekjumark sem nefnt er í 1. þrepi en ekki er yfir 400 000 kr., skal reikna 30,5%.
3. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem er umfram 400 000 kr., skal reikna 43,5%. Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn skattafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

4. gr.

Í stað „35 000 kr.“ í 1. mgr. 68. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1985, komi: 34 705 kr.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1982, falli niður.

6. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 5/1982, orðist svo:
Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir:

1. fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnu-vegaflokkun Hagstofu Íslands,
2. fyrir störf við fiskirækt,
3. fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og annarra byggingarframkvæmda á bújörðum en þeirra sem tengjast fiskiræktarstöðvum,
4. fyrir störf sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með talin störf hlutaráðinna landmanna, sem innt eru af hendi í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða.

7. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 5/1982, orðist svo:

Gjalddagar launaskatts eru sex, sbr. þó 6. gr. Gjalddagi vegna launa, sem greidd eru fyrir mánuðina janúar og febrúar, er 15. mars, fyrir mánuðina mars og apríl 15. maí, fyrir mánuðina maí og júní 15. júlí, fyrir mánuðina júlí og ágúst 15. september, fyrir mánuðina september og október 15. nóvember og fyrir mánuðina nóvember og desember 15. janúar. Eindagi er mánuði eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færast eindagi á næsta virkan dag á eftir. Skattinn ber launagreiðanda, ótilkvöddum, að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

8. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 5/1982, orðist svo:

Komi í ljós að aðili, sem greiða átti launaskatt skv. 3. gr., hafi vanrækt greiðslu hans að hluta eða öllu leyti eða ekki skilað greinargerð, sbr. 8. gr., skal skattstjóri ákvarða launaskattinn, sbr. 2. mgr. 3. gr., og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

9. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 5/1982, orðist svo:

Reki aðili fjölbættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist er launaskattsskyld eða er undanþegin launaskatti, sbr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Af launaskattsskyldum greiðslum fyrir yfirstjórn og af öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal ávallt greiða 3½%, sbr. 1. mgr. 1. gr. Þó skal ekki greiða launaskatt, sbr. 3. mgr. 2. gr., af því hlutfalli umræddra greiðslna sem er á milli heildargreiðslna og greiðslna skv. 3. mgr. 2. gr. áður en umræddar greiðslur eru meðtaldar.

IV. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., með síðari breytingum.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. tollskrárlaga:

- a) Tollar á vörum í 1.—21. kafla tollskrár, sem hærri eru en 40%, lækki í 40%.
- b) Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum verði 10%: 40.11.10, 40.11.20, 40.11.40, 40.11.50, 40.11.61 og 40.11.69.
- c) Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum verði 15%: 84.15.10, 84.15.20, 84.19.10, 84.40.10, 84.40.50, 85.06.11, 85.06.31, 85.12.49, 85.12.54, 85.12.55 og 85.12.56.

- d) Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum verði 30%: 87.20.13, 87.02.14, 87.02.15, 87.02.16, 87.02.19, 87.02.21, 87.02.41, 87.02.42, 87.02.49, 87.04.09 og 87.05.09.
- e) Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum verði 40%: 85.07.02, 85.07.09, 85.12.30, 85.12.57, 85.12.59, 85.15.20, 85.15.25, 85.15.30, 85.15.35, 85.15.40, 90.08.11, 90.09.19, 90.09.09, 92.11.10, 92.11.20, 92.11.39 og 92.11.40.
- f) Við upptalningu í sviga í 3. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: Portúgal og Spáni.

11. gr.

6. tl. 3. gr. tollskrárlaga orðist svo:

Að láta koma til framkvæmda ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum og viðaukum og bókunum sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra eða fella ákvarðanir um framkvæmd þeirra úr gildi sé ákvæðum þeirra breytt, forsendur breytist eða þeir falli úr gildi.

12. gr.

Ný grein bætist við tollskrárlög er verði 40. gr., jafnframt því sem núverandi 40. og 41. gr. verði 41. og 42. gr. þeirra. Greinin orðist svo:

Ráðherra er heimilt að fella niður eða taka upp í tollskrá ný tollskrárnúmer þegar beitt er heimild í 6. og 13. tl. 3. gr. til samræmingar, lækkunar eða niðurfellingar tolls á vöru.

Ráðherra er einnig heimilt að gera slíkar breytingar á tollskrá til þess að aflað verði nauðsynlegra tölfræðilegra upplýsinga um innflutning á einstökum vöruflokkum til landsins eða þeirra er eigi talin lengur þörf.

Samþykki Tollasamvinnuráðið breytingar á tollnafnaskrá ráðsins eða skýringum við tollnafnaskrána eða nýja tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrá skal ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m. a. með því að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer. Slíkar breytingar skulu eigi hafa áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 1. mgr.

Breytingar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

V. KAFLI

Um breyting á öðrum aðflutningsgjöldum.

13. gr.

2. másl. 1. mgr. og 3.–5. mgr. 1. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982, um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, og orðin „svo og að gjald skv. 5. mgr. sömu greinar skuli falla niður sé tollverð vörusendingar innan tiltekinna marka.“ í 2. mgr. 2. gr. sömu laga falli brott.

14. gr.

2. gr. laga nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, falli brott, jafnframt því sem í stað orðanna „Gjöld skv. ákvæðum 1. og 2. gr.“ í upphafi 3. gr. laganna komi: Gjald skv. ákvæðum 1. gr.

VI. KAFLI

Um afnám verðjöfnunargjalds af raforkusölu.

15. gr.

Lög nr. 114/1985, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu, falla úr gildi 1. mars 1986.

VII. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 120/1985, lánsfjárlögum fyrir árið 1986.

16. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að taka innlend lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 850 000 þús. kr. til viðbótar heimild skv. 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

17. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986 skal heimild Landsvirkjunar til að taka lán á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 540 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 5. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986 fellur niður heimild Þróunarfélagsins til að taka lán á árinu 1986.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði 7. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986 skal heimild Framkvæmdasjóðs til að taka erlend lán á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 882 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði 8. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986 skal heimild Byggingastofnunar til að taka lán á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 335 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

21. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 17., 19. og 20. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra setur hverju sinni.

22. gr.

Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að taka lán hjá lífeyrissjóðum að fjárhæð allt að 925 000 þús. kr. umfram það sem miðað er við í lánsfjáráætlun fyrir árið 1986.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 60/1984 um Byggingarsjóð ríkisins skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 675 000 þús. kr. á árinu 1986.

24. gr.

Prátt fyrir ákvæði 25. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986 skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 770 000 þús. kr.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði II. kafla skulu koma til framkvæmda vegna álagningar tekjuskatts á árinu 1986 á tekjur ársins 1985.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu laun fyrir störf við fiskverkun og í iðnaði, sbr. 6. gr. laga þessara, vera undanþegin launaskatti frá og með 1. mars 1986.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. þessara laga skal greiða launaskatt vegna launaskattsskyldra launa fyrir mánuðina janúar og febrúar 1986 í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 5/1982.

II

Hafi tollyfirvöld veitt leyfi til afhendingar á vöru fyrir gildistöku laga þessara skal tollmeðferð hennar þrátt fyrir ákvæði 10.–14. gr. þessara laga miðuð við þá tolla og gjöld sem í gildi voru við leyfisveitinguna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að leita nauðsynlegra heimilda til aðgerða í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum sem leiðir af niðurstöðu kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins.

Ríkisstjórnin hefur kynnt sér kjarasamning milli aðildarfélaga ASÍ, VSÍ, VMS, Meistarasambands byggingamanna og Reykjavíkurborgar. Þá hefur ríkisstjórnin fengið í hendur yfirlýsingar aðila um lífeyrismál og húsnæðismál. Samningsaðilar gera ráð fyrir að ríkisstjórnin beiti sér fyrir ýmsum aðgerðum á sviði efnahagsmála sem ætlað er að draga úr verðbólgu og greiða fyrir gerð kjarasamninga.

Þótt ljóst sé, að kjarasamningsdrögin og tillögur samningsaðila um aðgerðir af opinberri hálfu feli í sér meiri hækkun launa og gjalda fyrir ríkissjóð en ríkisstjórnin hefði talið æskilegt er hún engu að síður reiðubúin til að standa við yfirlýsingar sínar, sbr. fylgiskjöl 2 og 3, og er þá við það miðað að önnur heildarsamtök launafólks geri áþekka launasamninga.

Ljóst virðist, að slíkir samningar og það, sem þeim fylgir, muni valda því að útgjöld þjóðarinnar í heild fari nokkuð fram úr því sem ríkisstjórnin hefur stefnt að til þessa og halli myndist í ríkisbúskapnum. En m. t. t. þess hversu mikilvægt það er að nú náist ótvíræður og verulegur árangur í viðureigninni við verðbólguna vill ríkisstjórnin taka nokkra áhættu í þessu máli. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar er á því byggð, að ekki verði verulegar breytingar til hins verra á viðskiptakjörum eða öðrum ytri aðstæðum þjóðarbúsins.

Áhrif kjarasamninganna og aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna ýmissa atriða þeim tengdum hafa verið metin m. t. t. líklegar afkomu ríkissjóðs á árinu 1986. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1986 nema tekjur ríkissjóðs umfram gjöld 163 m. kr. Með þeim aðgerðum sem í þessu frumvarpi felast eru horfur á því að rekstrarhalli ríkissjóðs verði rúmar 800 m. kr. Í eftirfarandi yfirliti eru dregnar saman niðurstöður áætlunar þessa frumvarps um afkomu ríkissjóðs með aðgerðum í ríkisfjármálum og samanburður sýndur við fjárlög 1986.

	Fjárlög 1986	Endurskoðun 1986
1. Tekjur	37 854	35 344
2. Gjöld	37 691	36 206
3. Gjöld umfram tekjur (1–2)	+163	–862
Lánahreyfingar:		
4. Afborganir lána, veitt lán o. fl.	3 619	3 469
5. Viðskiptareikningar, nettó útstreymi	1 150	1 150
6. Lánsfjárþörf alls (4+5–3)	4 606	5 481
7. Lántökur:		
Innlend lán	2 100	2 950
Erlend lán	2 550	2 550

Tekjuhlíð fjárlaga lækkar alls um 2 510 m. kr. eða um 6,6% frá niðurstöðutölum fjárlaga. Lækkunin skýrist að hluta af breyttum forsendum verðlags á árinu 1986 og nemur hún alls 1 050 m. kr. Önnur lækkun tekna er vegna lækkunar skatta og aðflutningsgjalda.

Útgjöld ríkissjóðs lækka um 1 485 m. kr. (3,9%), þar af um 1 080 m. kr. vegna breyttra forsendna verðlags og 625 m. kr. vegna lækkunar á framlagi til Byggingarsjóðs ríkisins, en hins vegar er reiknað með auknum útgjöldum vegna niðurgreiðslna á búvörum um 150 m. kr.

Á lánahreyfingum ríkissjóðs verður sú breyting að afborganir lána lækka um 220 m. kr., eingöngu vegna breyttra forsendna gengis og verðlags. Aðalbreyting á lánahreyfingum ríkissjóðs er sú að innlendar lántökur hækka um 850 m. kr. og nema þær alls 2 950 m. kr.

Í athugasemdum um einstakar greinar eru skýrðar breytingar á tekjum og gjöldum ríkissjóðs. Að auki er fjallað um breytingar á innlendum og erlendum lántökum ríkissjóðs, Landsvirkjunar, þróunarfélags og fjárfestingarlánasjóða. Fylgiskjöl 2 og 3 eru svör ríkisstjórnarinnar frá 11. febrúar og 27. febrúar til aðila vinnumarkaðarins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lækkun útgjalda ríkissjóðs um 1 485 m. kr. mun nást sem hér segir:

Liðir til lækkunar:	m. kr.
Byggingarsjóður ríkisins	625
Breyttar verðlagsforsendur	1 080
	<hr/>
	1 705
Liðir til hækkunar:	
Niðurgreiðslur á vöruverði	220
	<hr/>
Alls	1 485

Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins er gert ráð fyrir minni launa- og verðlagsbreytingum en í forsendum fjárlaga. Útgjaldaliðir fjárlaga fyrir árið 1986 hafa því verið endurskoðaðir í ljósi þessa. Launagjöld lækka almennt um 2,2%. Önnur gjöld lækka almennt um 4,5% nema vaxtagjöld ríkissjóðs sem lækka mun meira. Neyslu- og rekstrartilfærslum er breytt út frá þeim almennu reglum sem gilda um uppfærslu verðlags í fjárlögum. Stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur lækka um 4,5% þar sem slíkt fer ekki í bága við gerða verksamninga og ákvæði lánsfjárlaga. Þá leiða nýjar forsendur til þess að sértekjur stofnana lækka til samræmis.

Ofangreindar breytingar á launa- og verðlagsforsendum fjárlaga fyrir árið 1986 leiða til þess að launagjöld samkvæmt þeim lækka um 225 m. kr. Rekstrargjöld stofnana og stofnkostnaðarframlög lækka alls um 560 m. kr., þar af vaxtagjöld ríkissjóðs um 257 m. kr. Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 345 m. kr., þar af lækka tilfærslur til almannatryggingakerfisins um 244 m. kr. Loks lækka sértekjur stofnana um 50 m. kr.

Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir veiti 925 m. kr. í húsnæðiskerfið með auknum skuldabréfakaupum frá því sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Af þessum 925 m. kr. munu 300 m. kr. renna til aðstoðar þeim sem eiga við sérstaka greiðsluferfiðleika að stríða. Á móti auknum kaupum lífeyrissjóðanna af skuldabréfum húsnæðiskerfisins kemur lækkun á framlagi ríkissjóðs um 625 m. kr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að auka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum og hyggst verja til þess 220 m. kr.

Um 2. gr.

Lækkun tekna ríkissjóðs um 2 510 m. kr. er áætluð sem hér segir:

	m. kr.
Lækkun tekjuskatts	150
Lækkun aðflutningsgjalda	580
Lækkun innflutningsgjalds af bensíni	150
Lækkun launaskatts	250
Niðurfelling verðjöfnunargjalds af raforku	330
Almenn lækkun vegna breyttra verðlagsforsendna	1 050

Alls 2 510

Vísað er til athugasemda við 3.–15. gr. frumvarpsins til skýringar á einstökum tekjuliðum.

Um 3. og 4. gr.

Ein af forsendum fyrir nýgerðum kjarasamningum er sú að ríkisstjórnin beiti sér fyrir 150 m.kr. lækkun tekjuskatts á þessu ári í samræmi við breyttar verðlagshorfur frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Ofangreind lækkun tekjuskatts nemur um 5,7% af nettótekjum ríkissjóðs af tekjuskatti á þessu ári, eins og þær eru áætlaðar í fjárlögum 1986.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að verða við framangreindum tilmælum. Af þeim sökum er í 3. gr. lagt til að skatthlutföll í öllum þrem skattþrepunum lækki um 0,5%. Með lækkun skatthlutfallanna á þennan hátt er stefnt að því að lækkun á greiðslubyrði tekjuskatts verði sem jöfnust enda forsendan að baki lækkuninni minnkandi verðbólga. Fallið er frá því að lækka aðrar stærðir í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, svo sem barnabætur til samræmis við minnkandi verðbólgu. Þó verður ekki komist hjá því að leggja til að skattafsláttur lækki á þessu ári um 400 kr. hjá hverjum einstaklingi til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt í frumvarpi þessu. Af þessum sökum er í 4. gr. frumvarpsins lagt til að grunnfjárhæð persónuafsláttar, sem er 35 000 kr. (47 600 kr. miðað við skattvísitölu 1986, þ. e. 136 stig), verði 34 705 kr., sem að teknu tilliti til gildandi skattvísitölu verður 47 200 kr. á árinu 1986.

Um 5. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. gildandi laga um launaskatt er kveðið á um að þrátt fyrir hið almenna 3½% launaskattsstig skuli ekki greiða nema 2½% launaskatt af launum fyrir störf við fiskverkun og iðnað. Þetta ákvæði er fellt úr gildi þar sem 6. gr. frumvarpsins felur í sér að framvegis verði laun fyrir þessi störf undanþegin launaskatti.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að auk launa fyrir störf við landbúnað og störf sjómanna um borð í fiskiskipum verði laun fyrir störf við fiskverkun og iðnað, eins og atvinnugreinar þessar eru flokkaðar í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, undanþegin launaskatti. Tekjutap ríkissjóðs vegna þessarar breytingar er áætlað 335 m.kr. á heilu ári en um 250 m.kr. á árinu 1986.

Að auki felur þessi grein í sér að laun vegna rekstrar fiskiræktarstöðva verði undanþegin launaskatti en hins vegar ekki laun vegna byggingar þeirra. Núgildandi lagaákvæði eru nokkuð óljós í þessu efni og er ástæðan að baki því sú að byggingarframkvæmdir á bújörðum eru samkvæmt gildandi lögum undanþegnar launaskatti. Þar sem fiskirækt telst til landbúnaðar hafa vaknað upp spurningar um launaskattsskyldu byggingarframkvæmda við fiskiræktarstöðvar. Hér er lagt til að óvissu þeirri sem ríkir í þessum efnum verði eytt með því að kveða beinlínis á um að einungis laun fyrir störf við fiskirækt séu undanþegin launaskatti.

Um 7. gr.

Samkvæmt gildandi lögum eru gjalddagar launaskatts nú fimm á ári. Af þessu leiðir að gjaldtímabilin innan ársins eru mislöng. Auk þess að vera nokkuð ankannaleg er skipan þessi ruglandi fyrir gjaldendur jafnframt því sem hún skapar nokkra erfiðleika í framkvæmd. Því er lagt til með þessari grein að gjalddagar launaskatts verði framvegis sex á ári, og að hvert gjaldtímabil verði tveir mánuðir.

Um 8. gr.

Samkvæmt gildandi lögum ber skattstjóra að ákvarða dráttarvexti vegna launaskatts fram að þeim tíma sem hann er ákvarðaður, hafi gjaldandi vanrækt skil á honum. Eftir að launaskattur hefur verið ákvarðaður ber innheimtumanni hins vegar að reikna dráttarvexti sé hann ekki greiddur. Vegna mjög aukinnar tölvuvæðingar innheimtuembættanna á síðustu árum er mun einfaldara og fyrirhafnarminna að þau sinni ein öllum dráttarvaxtaútreikningum vegna vangoldins launaskatts. Að auki er mun tryggara en ella að samræmis sé gætt varðandi útreikninginn. Þessi grein felur því í sér að framvegis skuli skattstjórar einungis ákvarða launaskatt þeirra sem vanrækt hafa greiðslu hans, en að ákvörðun dráttarvaxta verði í höndum innheimtumanns eins og tíðkast varðandi innheimtu annarra ríkissjóðsgjalda.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að breyta 1. og 2. mgr. 9. gr. laganna til samræmis við breytingar þær sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gerðar verði á 1. og 2. gr. laganna.

Um 10. gr.

Meðal þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hafði ákveðið að beita sér fyrir til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins og ná um leið fram afgerandi hjöðnun verðbólgu var lækkun tolla á ýmsum vörum sem vega þungt í framfærslukostnaði landsmanna. Þessi grein fjallar einkum um nauðsynlegar breytingar sem gera verður á tollskrárlögum til þess að nefndum markmiðum verði náð og samkomulag er um milli ríkisstjórnarinnar og nefndra aðila. Meginefni þessara breytinga fela í sér að tolltekjur ríkissjóðs muni lækka um 700 m.kr. á heilu ári en um 580 m.kr. á árinu 1986. Þar vegur þyngst lækkun tolla á bifreiðum um 400 m.kr. á heilu ári. Heildaráhrif þessara aðgerða á vísitölu framfærslukostnaðar eru áætluð lækkun um 2,15%.

Samkvæmt a-lið 1. gr. er lagt til að almenn tollalækkun verði á öllum innfluttum matvælum sem bera hærri toll en 40%. Er hann nú hæstur 80% samkvæmt gildandi tollskrárlögum. Frumvarpið felur í sér að tollur verði ekki hærri en 40% á neinni matvöru og er hér því um verulega tollalækkun að ræða á mörgum matvörum. Þannig mun t. d. grænmeti almennt lækka í 40% úr 70%, krydd úr 80%, ýmsir ferskir og niðurlagðir ávextir úr 70% og nokkrar aðrar unnar matvörur úr allt að 80%. Gert er ráð fyrir að tollalækkunir þessar geti leitt til allt að 25–30% verðlækkunar á nefndum matvörum.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að tollur verði lækkaður á hjólbörðum og slöngum úr 40% í 10% auk þess sem gúmmígjald verði fellt niður.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að tollur á bifreiðum verði lækkaður verulega eða úr 70% í 30%. Auk þess er gert ráð fyrir að svonefnt bifreiðagjald verði fellt niður af bifreiðum með 2000 cm³ slagrymi eða minna, en lækki hins vegar hlutfallslega minna á aflmeiri bifreiðum. Gert er ráð fyrir að bifreiðagjaldið verði innheimt af þessum bifreiðum í þremur gjaldflokkum og verði á bilinu 4–12% af tollverði viðkomandi bifreiðar. Breytingar þessar munu leiða til verulegrar lækkunar á útsöluverði bifreiða eða um allt að 30%.

Í fjórða lagi er lagt til að tollar verði lækkaðir verulega á ýmsum heimilistækjum. Þannig er m. a. ráðgert að lækka tolla á sjónvarpstækjum, myndbandstækjum og útvarps-

tækjum úr 75% í 40% og á ísskápum, frystikistum, uppþvottavélum, þvottavélum, þurrkurum og fleiri heimilistækjum úr 40% í 15% auk þess sem tollur á ýmsum öðrum heimilistækjum verður lækkaður í 40%.

Hinn 1. janúar 1986 urðu Spánn og Portúgal aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu. Frá sama tíma féll aðild Portúgals að Fríverslunarsamtökum Evrópu niður svo og samningur EFTA-landanna og Spánar. Viðskiptakjörum milli aðildarríkja EFTA og EBE var þó hins vegar ákveðið að halda óbreyttum til 1. mars 1986 og var það gert með sérstöku samkomulagi í lok síðasta árs. Nú hefur hins vegar verið undirrituð viðbótarbókun við samning Íslands og EBE sem gerir það m. a. að verkum að ýmis tollfríðindi sem Portúgal naut umfram EBE-ríkin meðan það var aðili að EFTA falla niður. Er lagt til að ákvæði tollskrárlaga verði færð til samræmis við breytta skipan þessara mála og Portúgal og Spáni bætt við upptalningu EBE-ríkjanna sem er að finna í upphafi 1. gr. tollskrárlaga. Um breytingar á fríverslunarsamstarfi EFTA og EBE vísast að öðru leyti til tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd tvær viðbótarbókanir vegna aðildar Spánar og Portúgals að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Um 11. gr.

Í nágildandi tollskrárlögum er fjármálaráðuneytinu heimilt að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tolllækkunarákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum. Ákvæði þetta var tekið upp 1963 er ný tollskrárlög voru samþykkt á Alþingi, sbr. 6. tl. 3. gr. laga nr. 7/1963. Var þetta gert eftir erlendra fyrirmynd þannig að hún tæki til allra tollfrelsis- og tollalækkunarákvæða í milliríkjasamningum en áður hafði verið að finna nokkur ákvæði í 3. gr. er tóku til tiltekinna milliríkjasamninga. Þegar breyting var síðan gerð á tollskrárlögum 1974 vegna samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu var ákvæðinu breytt þannig að það tæki einnig til fríverslunarsamninga.

Frá því að heimildarákvæði þetta var tekið upp hefur ýmsum milliríkjasamningum um tollfrelsi og tollalækkanir verið hrint í framkvæmd með stoð í þessari heimild og var fríverslunarsamningi, sem EFTA-löndin gerðu 1979 við Spán, einnig komið til framkvæmda með þessum hætti, sbr. auglýsingu nr. 267/1980.

Í þeim tilvikum sem reynt hefur á beitingu heimildarinnar hefur ávallt verið um að ræða framkvæmd á beinum tollalækkunarákvæðum en hins vegar ekki öðrum ákvæðum sem teljast óaðskiljanleg ákvæði samninganna og oft má telja verulega forsendu þess að á tollalækkun sé yfir höfuð fallist. Þetta á ekki hvað síst við um samninga milli ríkja um fríverslun þar sem markaðsaðstæður á fríverslunarsvæðum eru mismunandi eftir atvinnugreinum og verðmyndun og aðdrættir til framleiðslu mjög ólíkir. Af þessum sökum hefur í þeim fríverslunarsamningum sem Ísland er aðili að þótt sérstök ástæða til að kveða á um ýmsar hliðarráðstafanir sem aðildarríkjunum væri heimilt að grípa til í þeim tilgangi að jafna aðstöðumun atvinnuvega í aðildarlöndunum til að búa þeim sem líkust atvinnuskilyrði.

Meðal ákvæða sem ganga í þessa átt eru sérstakar reglur sem gilda um vörur vegna mismunar á verðlagi landbúnaðarvara sem þær eru framleiddar úr, sbr. m. a. 1. gr. bókunar nr. 2 við samning milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands, en sams konar ákvæði eru í EBE- og Spánar-samningunum. Samkvæmt þessu er heimilt að gera ráðstafanir innanlands til jöfnunar á verðlagi, t. d. með niðurgreiðslum á innlendum landbúnaðarvörum eða innheimtu breytilegs eða fasts gjalds. Ákvæðum þessum hefur á undanförunum árum verið beitt af aðildarríkjunum öðrum en Íslandi sem á aðlögunartímanum hafði heimild til að leggja tolla á innfluttar samkeppnisvörur sem jafnaði í raun út þennan verðmismun á landbúnaðarhráefnum. Nú þegar aðlögunartímanum er lokið og samkeppnisvörurnar eru orðnar tollfrjálsar við innflutning er óhjákvæmilegt annað en íslenskum

framleiðendum sem njóta ekki tollverndar séu tryggð innan ramma samninganna sambærileg starfsskilyrði og erlendum keppinautum þeirra með jöfnun á hráefnisverði landbúnaðarvara, noti þeir einhverjar slíkar vörur til framleiðslu sinnar.

Nefnt ákvæði tollskrárlaga þykir hins vegar ekki nægilega skýrt orðað til þess að vafalaust sé að stjórnvöldum sé heimilt að grípa til þeirra úrræða sem samningarnir gera ráð fyrir að beitt sé í nefndum tilvikum. Þar sem ljóst er að breytingar verða nú á fríverslunarsamningum þeim sem Ísland er aðili að verður að telja eðlilegt að hagsmuna íslenskra framleiðenda verði gætt í hvívetna og er því lagt til að heimildarákvæðinu verði breytt í þá veru sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Um 12. gr.

Grein þessi er nýmæli. Markmiðið með upptöku hennar er að auðvelda ýmsar tæknilegar breytingar á tollskránni og leiðrétta hana þannig að texti skrárinnar endurspegli m. a. sem nákvæmast tollun vara og dragi þannig úr hættu á mismunandi tollmeðferð á vörum eftir innflytjendum eins og nú er raunin vegna fjölmargra undanþága sem er að finna í auglýsingum og einstökum ráðuneytisbréfum.

Skv. 1. mgr. er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra geti tekið upp ný tollskrárnúmer í tollskránni í þeim tilvikum þegar tollar eru samræmdir á vörum sem gerðar eru úr mismunandi efnum eða þeir eru felldir niður, t. d. þegar framleiðsla er hafin innanlands á vörum sem samningar Íslands við EFTA og EBE taka til.

Í 2. mgr. felst heimild til þess að taka upp ný tollskrárnúmer til þess að auðvelda framleiðendum innlendra vara að átta sig á samkeppnisstöðu sinni gagnvart erlendum aðilum eða viðkomandi hagsmunasamtökum eða ríkinu að fylgjast með innflutningsverslun landsmanna. Heimildin felur jafnframt í sér möguleika til þess að fella brott tollskrárnúmer sem kunna að vera orðinn dauður bókstafur, t.d. vegna breyttra framleiðsluhátta.

Loks er í 3. mgr. heimild til þess að aðlaga tollskrána þeim breytingum sem kunna að verða samþykktar á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins hverju sinni eða skýringum við hana. Gert er ráð fyrir að heimildin taki jafnframt til þess ef Tollasamvinnuráðið gerir samþykkt um nýja tollnafnaskrá.

Um 13. gr.

Á árinu 1982 var ákveðið að taka upp svonefnt tollafgreiðslugjald. Var það gert með lögum nr. 5/1982. Gjaldið er tvískipt, þ.e. annars vegar er lagt á 1% gjald sem innheimt er af tollverði vöru og hins vegar fast gjald sem ýmist er 50 kr. eða 200 kr. miðað við verðmæti vörusendingar. Álagning fastagjaldsins er mjög flókin í framkvæmd vegna fjölmargra undanþága og takmarkatilvika og hefur reynst jafnt töllyfirvöldum sem innflytjendum óþægur ljár í þúfu. Í tengslum við tölvuvæðingu embættis tollstjóra í Reykjavík hefur komið í ljós að nær útilokað er að leggja gjald þetta á með vélrænum hætti. Innan tíðar er gert ráð fyrir að vinnsla tollskjala hefjist í tölvum við embættið og er ljóst að útreikningur aðflutningsskýrslu verður ekki framkvæmanlegur með þeim hætti verði haldið fast í þennan gjaldstofn. Þar sem tekjur af gjaldi þessu eru óverulegar, en áframhaldandi innheimta þess mun standa í vegi fyrir að nútímaleg vinnubrögð verði tekin upp við tollafgreiðslu vara, er lagt til að gjaldið verði fellt niður.

Um 14. gr.

Lagt er til að jafnhliða lækkun tolla á hjólbörðum og slöngum verði fellt niður svonefnt gúmmígjald sem lagt er á samkvæmt 2. gr. laga nr. 79/1974, en það er 45 aurar af hverju kílógrammi af hjólbörðum og gúmmíslöngum.

Um 15. gr.

Grein þessi felur í sér að nágildandi lög um innheimtu verðjöfnunargjalds af raforku nr. 114/1985 falli úr gildi. Innheimtu verðjöfnunargjaldi hefur verið ráðstafað til Rafmagnsveitna ríkisins að $\frac{4}{5}$ hlutum en Orkubúi Vestfjarða að $\frac{1}{5}$ hluta. Þá var Rafveitu Siglufjarðar endurgreitt verðjöfnunargjald af raforkusölu sem nam innheimtu gjalds af raforkusölu veitunnar. Ekki er gert ráð fyrir á árinu 1986 að niðurfelling gjaldsins valdi tekjumissi hjá þeim orkufyrirtækjum sem verðjöfnunargjaldið rann til, þar sem úr A-hluta ríkissjóðs mun verða greitt framlag til framangreindra fyrirtækja sem nemur sömu fjárhæð eða 330 m.kr. á árinu 1986.

Um 16. gr.

Grein þessi tryggir heimild ríkissjóðs til að fjármagna viðbótarfjárförf sína með lántökum innanlands. Lögð er áhersla á að auka ekki erlendar lántökur ríkissjóðs frá því sem áformað var við afgreiðslu lánsfjárlaga. Heildarlántökur ríkissjóðs á árinu 1986 eru því áætlaðar 5 500 m.kr., þar af er ráðgert að afla 2 950 m.kr. innanlands og 2 550 m.kr. með erlendum lántökum.

Um 17. gr.

Lántökur Landsvirkjunar eru nýttar til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Áætlanir fyrirtækisins eru byggðar á ströngum verðlagsforsendum og eru lántöknarnar því lækkaðar í hátt við breyttar forsundur.

Um 18. gr.

Próunarfélagið er að hefja starfsemi sína og þykir ljóst að ekki mun þörf á að nýta allar lántökuheimildir félagsins. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1985 var lántökuheimild Próunarfélagsins 190 m.kr. og var hún ekki nýtt á árinu. Sú heimild kann að verða nýtt á árinu 1986. Í 5. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986 er heimild til 100 m.kr. erlendar lántöku og miðast þessi grein við að sú lántökuheimild falli niður.

Um 19. gr.

Í ljósi breyttra verðlagsforsendna eru lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands lækkaðar um 100 m.kr. Það felur í sér um 4% lækkun á lánveitingum sjóðsins frá því sem afgreiðsla lánsfjárlaga fyrir árið 1986 fól í sér og er gert ráð fyrir að lækkunin dreifist hlutfallslega niður á lánþega. Að auki er gert ráð fyrir að nýta sterka sjóðsstöðu Framkvæmdasjóðs til að lækka erlendar lántökur hans enn frekar um 500 m.kr. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1986 var erlend lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands áformuð 1 482 m.kr. Samkvæmt þessari grein er erlend lántaka sjóðsins lækkuð um 600 m.kr. á árinu 1986 og verður 882 m.kr.

Um 20. gr.

Lántaka Bygðastofnunar er lækkuð um 15 m. kr. frá lánsfjárlögum fyrir árið 1986 og verður 335 m.kr. Er sú lækkun gerð vegna breyttra verðlagsforsendna.

Um 21. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 22. og 23. gr.

Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1986 var ákveðið að afla Byggingarsjóði ríkisins 1 150 m.kr. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóðanna. Ráðgert er að auka skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins um 925 m.kr. á árinu 1986 án þess að kaup þeirra af öðrum fjárfestingarlánasjóðum skerðist frá því sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu lánsfjárlaga. Af þessu fé komi 300 m.kr. sem viðbótarfjármagn til sjóðsins og bætist við 200

m.kr. sem áformað er að veita til húsbýggjenda sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Þá er gert ráð fyrir að 625 m.kr. fari til almennra útlána. Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins lækkar á móti um 625 m.kr. frá því sem fjárlög áætluðu eða úr 1 300 m.kr. í 675 m.kr.

Um 24. gr.

Hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í sölugjaldi lækkar í samræmi við breyttar verðlagsforsendur. Þessi grein gerir ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðsins lækki úr 805 m.kr. í 770 m.kr.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Til þess að koma í veg fyrir afturvirkni frumvarpsins, verði það að lögum, er nauðsynlegt að kveða svo á að þrátt fyrir það ákvæði 7. gr. þess, að gjalddagi launaskatts fyrir fyrstu tvo mánuði ársins skuli vera 15. mars, skuli hann í ár vera 15. apríl eins og ella yrði að óbreyttum lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Innlendar og erlendar lántökur samkvæmt lánsfjárlögum og endurskoðun ríkisfjármála 1986. Í milljónum króna.

	Lánsfjárlög 1986			Endurskoðun ríkisfjármála		
	Innlendar lántökur	Erlend lán	Heildar-lántökur	Innlendar lántökur	Erlend lán	Heildar-lántökur
1. Opinberir aðilar	2 100	3 360	5 460	2 950	3 240	6 190
Ríkissjóður	2 100	2 550 ¹⁾	4 650	2 950	2 550 ¹⁾	5 500
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	680	680	—	560	560
Sveitarfélög	—	130	130	—	130	130
2. Húsbyggingasjóðir	1 530	—	1 530	2 455	—	2 455
Byggingarsjóður ríkisins	1 150	—	1 150	2 075	—	2 075
Byggingarsjóður verkamanna	380	—	380	380	—	380
3. Lánastofnanir	580	1 967	2 547	580	1 352	1 932
Framkvæmdasjóður	540	1 482	2 022	540	882	1 422
Iðnþróunarsjóður	—	95	95	—	95	95
Stofnlánadeild landbúnaðarins	40	—	40	40	—	40
Byggðastofnun	—	350	350	—	335	335
Útflutningsláναςjóður	—	40	40	—	40	40
4. Atvinnufyrirtæki	—	2 950	2 950	—	2 850	2 850
Ósundurliðað	—	2 950	2 950	—	2 850	2 850
5. Heildarfjárbörf (+1...+4)	4 210	8 277	12 487	5 985	7 442	13 427

1) Þar af endurlánaðar 150 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal 2.

27. febrúar 1986.

Til aðila vinnumarkaðarins.
Frá ríkisstjórninni.

Ríkisstjórnin hefur kynnt sér kjarasamning milli aðildarfélaganna Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Meistarasambands byggingamanna og Reykjavíkurborgar, dags. 26. febrúar 1986. Þá hefur ríkisstjórnin fengið í hendur bréf samningsaðila og yfirlýsingu þeirra um lífeyrismál og húsnæðismál dags. sama dag.

Samningsaðilar gera í bréfi sínu ráð fyrir, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir öllum þeim aðgerðum á sviði efnahagsmála, sem lýst var í orðsendingu til þeirra, dags. 11. febrúar 1986. Auk þess fara þeir fram á viðbótaraðgerðir, sem ætlað er að draga enn frekar úr verðhækkunum á næstunni, bæta kjör launafólks og starfsskilyrði atvinnuvega.

Samningsaðilar lýsa því jafnframt yfir, að þeir muni beita sér fyrir því, að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf af opinberum aðilum fyrir 925 m.kr. hærri fjárhæð á árinu 1986 en lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir. Af þessu fé renni 300 m.kr. til þess að auka lán til þeirra húsbyggjenda, sem leita þurfa til ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar árið 1986, til viðbótar þeim 200 m.kr., sem áður var ákveðið að verja í þessu skyni.

Þótt ljóst sé, að kjarasamningurinn og tillögur samningsaðila um aðgerðir af opinberri hálfu feli í sér meiri hækkun launa og fjárútláta fyrir ríkissjóð en ríkisstjórnin hefði talið æskilega, er hún engu að síður reiðubúin til að standa við yfirlýsingu sína frá 11. febrúar sl. og gera frekari ráðstafanir til þess að greiða fyrir kjarasamningum. Er þá jafnframt við það miðað, að önnur heildarsamtök launafólks geri áþekka launasamninga. Ríkisstjórnin leggur þó á það áherslu, að launasamningarnir og viðmiðanir þeirra eru að sjálfsögðu gerðir á ábyrgð samningsaðila sjálfra.

Ljóst virðist, að þessir samningar og það, sem þeim fylgir, muni valda því, að útgjöld þjóðarinnar í heild fari nokkuð fram úr því, sem ríkisstjórnin hefur stefnt að til þessa, og halli myndist á ríkisbúskapnum. En með tilliti til þess, hversu mikilvægt það er að nú náist ótvíræður og verulegur árangur í viðureigninni við verðbólguna, er ríkisstjórnin reiðubúin að taka nokkra áhættu í þessu máli. Þessi afstaða er á því byggð, að ekki verði verulegar breytingar til hins verra á viðskiptakjörum eða öðrum ytri aðstæðum þjóðarbúsins.

Ríkisstjórnin mun því fylgja þeirri stefnu í fjármálum og peningamálum, sem lýst var í orðsendingu hennar frá 11. febrúar s. l. Gengi krónunnar verður haldið sem stöðugustu og vextir á óverðtryggðum lánum lækkaðir um 12% þegar í kjölfar kjarasamninganna. Vextir munu síðan fara lakkandi á næstu mánuðum með hliðsjón af verðlagsþróun.

Vardandi þær viðbótaraðgerðir, sem samningsaðilar fara fram á í bréfi sínu 26. febrúar, tekur ríkisstjórnin fram, að hún er reiðubúin til þess að beita sér fyrir ráðstöfunum á grundvelli tillagna samningsaðila, sem að mati þeirra kosta ríkissjóð 1 250 m.kr. árið 1986. Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að 640 m.kr. renni til að fella niður verðjöfnunargjald af raforku og launaskatt í fiskiðnaði og iðnaði, en 590 m.kr. til að lækka tolla á ýmsum hátollavörum, sem vega þungt í neyslu almennings. Ríkisstjórnin mun að auki leggja fram 220 m.kr. til að lækka verð á búvörum og beita öðrum ráðstöfunum til þess að tryggja, að búvöruverð hafi ekki áhrif til hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar í marsbyrjun og hækki ekki umfram umsamda hækkun launa síðar á árinu. Samtals er hér um að ræða tekjutap og útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, sem gæti numið allt að 1 450 m.kr. til viðbótar við

þær ráðstafanir, sem lýst var í orðsendingu ríkisstjórnarinnar til samningsaðila 11. febrúar s. l. Ríkisstjórnin mun leggja fram á Alþingi frumvarp til laga til staðfestingar þessum ákvörðunum.

Gert er ráð fyrir, að þeim halla, sem myndast af þessum sökum, verði mætt með áðurnefndri lántöku hjá lífeyrissjóðum, annarri lántöku hjá innlendum lánastofnunum, lækkun útgjalda og nokkurri hækkun tekna ríkissjóðs. Ekki kemur til álita að afla fjár til þessara aðgerða með erlendum lántökum.

Í yfirlýsingu samningsaðila um lífeyrismál felst stuðningur við meginmarkmið og meginefni tillagna 8-manna lífeyrisnefndar ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS um löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða, sem m. a. felur í sér að komið verði á heildstæðu lífeyriskerfi, þar sem lífeyrisgjöld og skuldbindingar standist á. Ríkisstjórnin mun að höfðu samráði við fulltrúa þeirra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta í þessu efni, undirbúa löggjöf, sem byggir á framangreindum meginatriðum og stefnir að því, að lagafrumvarp verði lagt fram á þessu ári.

Ríkisstjórnin er reiðubúin til að eiga viðræður við aðila vinnumarkaðarins um vanda þeirra einstaklinga, sem eiga aðild að lífeyrissjóðum, sem standa fjárhagslega höllum fæti. Þá tekur ríkisstjórnin undir það sjónarmið, að nauðsynlegt sé að fjalla um tengsl lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða og lífeyris frá almannatryggingum.

Ríkisstjórnin felst á grundvallaratriði þeirra hugmynda, sem fram koma í yfirlýsingu samningsaðila um húsnæðismál og er tilbúin til þess að athuga þær vandlega í samráði við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega útgjöld ríkisins í þessu sambandi. Ríkisstjórnin er reiðubúin til að beita sér fyrir breytingum á lögum og reglum um húsnæðismál í samræmi við niðurstöður þeirrar athugunar.

Í samræmi við samkomulag samningsaðila mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að til viðbótar við áður ákveðnar 200 m.kr. verði 300 m.kr. varið á þessu ári til að aðstoða þá, sem eiga í greiðsluferfiðleikum vegna húsbýgginga.

Ríkisstjórnin mun beina því til banka og sparisjóða, að þeir lengi lánstíma lána til húsbýggjenda í samræmi við samkomulagið.

Í bréfi samningsaðila til ríkisstjórnarinnar dags. 31. janúar 1986 segir meðal annars, að það sé ein helsta forsenda stöðugleika í efnahagsmálum að ytrasta aðhalds sé gætt á sviði peningamála og opinberra fjármála. Undir þetta vill ríkisstjórnin fyrir sitt leyti taka og mun hafa að leiðarljósi við framkvæmd þeirra aðgerða til viðnáms gegn verðbólgu, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa óskað eftir.

Ríkisstjórnin telur, að með þeim kjarasamningum, sem nú er verið að gera, og aðgerðum, sem hún hyggst beita sér fyrir, hafi náðst mikilsverð samstaða um átak til að snúa þróun verðlagsmála til betri vegar. Þeim efnahagsbata, sem bætt ytri skilyrði gera nú kleift að ná, er með þessum ákvörðunum fyrst og fremst varið til að bæta og tryggja líf skjörin í landinu og gera alvarlega tilraun til að koma verðbólgunni niður á það stig, sem algengast hefur verið í viðskipta- og samkeppnislöndum Íslendinga.

Ljóst er, að með þessum aðgerðum tekur ríkissjóður nokkra áhættu og axlar fjárhagsbyrðar, sem ekki er til lengdar unnt að bera nema dregið verði úr útgjöldum eða tekjur auknar. Þess er vænst, að aðrir aðilar í þjóðfélaginu leggi einnig sitt af mörkum og fyrirtæki reyni markvisst að halda aftur af hækkun verðs á framleiðslu og söluvörum sínum innanlands og endurskoði til lækkunar verðákvæðanir, sem byggst hafa á áætlunum um meiri verðbólgu en nú eru horfur á að verði á næstu mánuðum.

Fylgiskjal 3.

11. febrúar 1986.

Til aðila vinnumarkaðarins.
Frá ríkisstjórninni.

Undanfarna daga hefur ríkisstjórnin átt viðræður við fulltrúa samtaka launafólks, vinnuveitenda og sveitarfélaga um horfur í efnahags- og kjaramálum. Í ljósi þessara viðræðna og athugana, sem af þeim hafa sprottið, telur ríkisstjórnin unnt að draga svo úr verðbólgu á næstu mánuðum, að almenn verðhækkun frá janúar 1986 til janúar 1987 verði innan við 9 af hundraði, enda verði ekki verulegar breytingar til hins verra á viðskipta- kjörum eða öðrum ytri aðstæðum þjóðarbúskaparins frá því sem nú horfir.

Til þess að stuðla að þessum árangri í viðureigninni við verðbólguna verður meðalgengi krónunnar haldið sem stöðugustu og þeirri stefnu fylgt eftir með ýtrasta aðhaldi í fjármálum, peningamálum og erlendum lántökum. En síðast en ekki síst er það forsenda þess, að hraði verðbólgunnar komist niður í eins stafs tölu á næstu tólf mánuðum, að almennt verði samið um hóflegar launabreytingar í áföngum, sem samrýmst geta þessu markmiði. Þegar einsýnt er, að slíkir samningar muni nást, mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirgreindum aðgerðum:

1. Lækkun á verði opinberrar þjónustu.

Ríkisstjórnin hefur rætt við forsvarsmenn opinberra fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga um lækkun á gjaldskrár þeirra til samræmis við breyttar horfur í verðlagsmálum. Niðurstaða þessara viðræðna er:

1. Heildsöluverð Landsvirkjunar til almenningsveitna lækki um 10% og jafnframt lækki taxtar Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitna ríkisins um 10%.
2. Taxtar Hitaveitu Reykjavíkur lækki um 7%.
3. Afnotagjöld Ríkisútvarpsins lækki um 5%.
4. Dagvistargjöld á barnaheimilum lækki um 5%.

Þess er vænst, að önnur fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga fylgi sömu stefnu. Auk þessarar beinu lækkunar munu opinber fyrirtæki falla frá fyrri áformum um hækkun gjaldskrár síðar á árinu. Bein áhrif lækkunar á verði opinberrar þjónustu á framfærslukostnað eru metin 0,5%, en með óbeinum áhrifum gætu þau í heild orðið 0,7%.

2. Lækkun beinna skatta.

Ríkisstjórnin mun lækka álagðan tekjuskatt á einstaklinga um sem næst 150 m.kr. árið 1986 til samræmis við breyttar verðlagshorfur, og hefur beint því til sveitarfélaganna, að þau lækki á sama hátt álögð útsvör um sem næst 300 m.kr. Borgarstjórinn í Reykjavík mun leggja til, að útsvarsprósenta í Reykjavík verði lækkuð úr 10,8% í 10,2%, sem er það sem þarf til að framkvæma þessa breytingu á álagningu að því er Reykjavík varðar. Jafnframt mun tilmælum um samsvarandi útsvarslækkun komið á framfæri við aðrar sveitarstjórnir með milligöngu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lækkun tekjuskatts verður framkvæmd með lækkun skattstigans. Í samræmi við þetta verður fyrir fram innheimta opinberra gjalda lækkuð um 8 af hundraði á mánuði þegar 1. mars n. k., þannig að í stað þess að innheimta 13% á mánuði af álagningu fyrra árs, yrðu innheimt 12%. Í krónum talið lækkar þannig 13 þúsund króna fyrirframgreiðsla á mánuði í 12 þúsund krónur. Þessi lækkun álagningar beinna skatta um 450 m.kr. jafngildir 0,7% af atvinnutekjum heimilanna.

3. Lækkun nafnvaxta.

Ríkisstjórnin og Seðlabankinn munu í sameiningu stuðla að því, að nafnvextir innlánsstofnana lækki þegar í kjölfar kjarasamninga. Til þess að gefa hugmynd um það, hversu mikilvægar slíkar breytingar gætu orðið, má taka nafnvexti skuldabréfa, sem nú eru 32%, til dæmis. Í kjölfar kjarasamninga af því tagi, sem nú er að stefnt, gætu þessir vextir líklega lækkað í 20% strax 1. mars n. k., í 18% 1. júní og í 12—14% 1. september. Ferill vaxtalækkunar færi mjög eftir áfangahækkun launa. Ekki þarf að fara um það mörgum orðum, hversu mikil greiðslubyrði heimila og fyrirtækja léttist við slíka lækkun nafnvaxta. Raunvextir yrðu þó að sjálfsögðu jákvæðir framvegis, en horfur á, að þeir gætu farið lækkandi með auknum stöðugleika í efnahagsmálum.

Eitt af því, sem stuðlað gæti að betra jafnvægi á lánamarkaði og þar með að lækkun vaxta, væri að lífeyrissjóðir keyptu í enn ríkara mæli en hingað til skuldabréf ríkissjóðs.

4. Lækkun verðs á olíu og bensíni.

Olíuverð á heimsmarkaði hefur farið lækkandi að undanfögnu, en þess hefur enn ekki gætt að ráði hér á landi vegna birgða í landinu á hærra verði. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að lækkun olíuverðs verði flýtt sem kostur er, og er að því stefnt, að gasolíuverð lækki hinn 1. mars n. k. og síðan áfram eftir því sem fært er. Gert er ráð fyrir að bensínverð lækki um allt að 10% á næstu tveimur mánuðum, ef núverandi heimsmarkaðsverð helst. Þessi lækkun á olíuvörum leiðir beinlínis til 0,5% lækkunar á framfærslukostnaði, en með óbeinum áhrifum verður þessi lækkun líklega nálægt 0,7% af framfærslukostnaði á næstu mánuðum.

5. Ákvörðun búvöruverðs.

Ríkisstjórnin mun fyrir sitt leyti stuðla að því að hækkun búvöruverðs á næstunni verði stillt í hóf og áhrif lækkandi olíuverðs, vaxta o. fl. verði tekin til greina í búvöruverðsákvörðun sem allra fyrst.

6. Húsnæðismál.

Ríkisstjórnin er reiðubúin að ræða þær hugmyndir sem fram koma í hugmyndum samningsaðila á vinnumarkaðnum um húsnæðismál.

Að lokum skal lögð áhersla á það, að til þess að unnt sé að hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd þarf niðurstaða í kjarasamningum að nást á næstu dögum, einfaldlega af því að breytingar á álagningu og innheimtu skatta og gjaldskrár fyrirtækja þurfa að ráðast alveg á næstunni, ef þær eiga að hafa tilætluð áhrif. Mikið er því í húfi, að kjarasamningar takist fljótt og með farsælum hætti. Á því er ekki vafi, að hjöðnun verðbólgu og auknum stöðugleika í efnahagsmálum munu fylgja jákvæð áhrif á atvinnu og lífskjör í landinu, sem ekki eru metin í framangreindum tölum.